

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9797. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 24. júní 2016  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður,  
Svanur Tómasson Embættismaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi  
Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður,  
Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari og Davíð Viðarsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

## Dagskrá:

1. 1509006 - Nesver ehf.\_umsókn um byggingarlóð að Norðurtanga 9d, Ólafsvík

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðar til umsækjanda.

2. 1606009 - Barðastaðir\_umsókn um að stofna nýja lóð úr landi Barðastaða. Nýja lóðin fengi heitið Barðastaðir 3

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stofnun lóðar.

3. 1511005 - Hótel Búðir\_drög að skipulagslýsingu v.stækkunar hótels. Ósk um samþykki fyrir auglýsingu á skipulagslýsingu

Nefndin óskar eftir að tillaga utan 50 metra línu verði fullunninn og löguð að fram komnum athugasemdum. Þegar breytt tillaga berst, verður erindið afgreitt með hraði af umhverfis- og skipulagsnefnd, með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

4. 1601013 - Hesthúsasvæði Ólafsvíkur\_deiliskipulag vegna reiðskemmu

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

5. 1603005 - Lýsuhóll\_ósk um deiliskipulag fyrir framtíðar uppbyggingu ferðaþjónustu á Lýsuhóli skv. meðfylgjandi gögnum

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. 1604003 - Plássið Laugarbrekku\_ósk eftir umfjöllun og kynningu á deiliskipulagstillögu fyrir hótél á lóðinni

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

- 7. 1606007 - Lýsuhóll\_umsókn um byggingarleyfi fyrir 962,6 fm. reiðhöll og tengibyggingu skv. meðfylgjandi teikningum**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykkt deiliskipulags og umsagnaraðila.
- 8. 1606005 - Engihlíð 4\_umsókn um leyfi til að klæða suður- og vesturvegg**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 9. 1606004 - Ytri-Tunga\_umsókn um leyfi til að klæða og endurnýja þakefni á gistihússins**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 10. 1606003 - Túnbrekka 3\_umsókn um byggingarleyfi fyrir 100 fm. viðbyggingu skv. teikningum**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.
- 11. 1606002 - Sölvaslóð 11\_umsókn um byggingarleyfi fyrir sólpalli skv. meðfylgjandi útlitsteikningu**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 12. 1606001 - Þjónustulóð, Arnarstapa\_umsókn um byggingarleyfi fyrir 91,4 fm. þjónustuhúsi á nýúthlutaðri þjónustulóð á Arnarstapa**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með uppfylltum skilyrðum umsagnaraðila.
- 13. 1603011 - Arnarstapahöfn\_umsókn um leyfi til að koma upp bátaafgreiðslu við höfnina á Arnarstapa skv. meðfylgjandi teikningu**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur undir með Hafnarstjórn og hafnar erindinu vegna plássleysis og umhverfisjónarmiða. Nefndin bendir hinsvegar á þann möguleika að olúfélögin sameinist um að reka einn olíutank og dælur við höfnina á Arnarstapa. Nefndin er tilbúin til að styðja við umsókn um þau leyfi sem þarf til slíkrar starfsemi.
- 14. 1606011 - Brautarholt 26\_umsókn um leyfi til að skipta um glugga**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 15. 1606010 - Barðastaðir 3\_umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingu 47,5 fm. sumarhúss**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 16. 1606008 - Brekkustígur 8\_umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma sem nota**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

## á tímabundið sem starfsmannahús

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi.

### 17. 1606012 - Nónhóll\_fyrirspurn um lóð og ósk um að gera Nónhóll að heimili eiganda

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar óskum að breyta Nónhóli í íbúðarhús. Húsið er við hverfisverndarsvæði og frekari uppbygging þar er ekki æskileg. Snæfellsbær mun óska eftir forkaupsrétti á húsinu. Í tillögu aðalskipulags verður gert ráð fyrir að byggð verði víkjandi á svæðinu.

Snæfellsbær leigir öðrum aðila lóðina. Byggingarfulltrúa er falið að athuga hvort vilji sé hjá lóðarhafa til að láta af hendi hluta lóðar sinnar. Að öðru leyti er bent á nýjar þjónustulóðir sem umsækjenda er kunnugt um.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að Snæfellsbær sé ekki rétti aðillinn til að standa að slíku verkefni.

### 18. 1606006 - Bárðarbúð\_fyrirspurn um að gera upp hlöðu og fjárhús til notkunar sem íbúðarhús

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið

### 19. 1606013 - Samþykkt um rekstrarleyfi í íbúabyggð - kynning frá byggingarfulltrúa

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkti samþykktina með glöðu geði.

### 20. 1606014 - Endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar\_ósk um umsögn vegna lýsingar

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við verkefnislýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar, en óskar eftir samstarfi vegna útivistarstíga sem liggja um bæði bæjarfélögin.

### 21. 1606015 - Erindi frá bæjarráði Snæfellsbæjar\_bréf frá svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.